

Vopnafjarðarhreppur  
Sigurður Jónsson  
Hamrahlíð 15  
690 Vopnafjörður

Reykjavík, 9. apríl 2024  
UST202402-414/A.B.  
10.04.02

## **Efni: Vinnslutillaga - Aðalskipulag Vopnafjarðarhrepps 2006-2026 - Heildarendurskoðun**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Vopnafjarðarhrepps er barst 26. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um vinnslutillögu á heildarendurskoðun á aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps 2006-2026.

Í greinargerð kemur fram að við endurskoðun aðalskipulags Vopnafjarðarhrepps verði mótuð stefna til framtíðar um landnotkun, byggðaþróun og byggðamynstur, samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál. Auk þess segir að lögð verði fram stefna um einstaka málaflokka (svo sem íbúðabyggð, landbúnað eða iðnað) sem síðan verður útfærð eftir landnotkunarflokkum aðalskipulags og í skilmála til að ná fram settum markmiðum.

### **Vatnamál**

#### *Inngangur*

Umhverfisstofnun bendir á að ekki er fjallað um lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og vatnaáætlun 2022-2027<sup>1</sup> í greinargerð. Lögin ná yfir grunnvatn og allt yfirborðsvatn (þ.e. straumvötn, stöðuvötn, árósavatn, strandsjó, lón og jökla). Fram kemur í 28. gr. laganna þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun og lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar. Jafnframt kemur fram að við afgreiðslu umsóknar um leyfi til nýtingar vatns og við aðra leyfisveitingu til framkvæmda á grundvelli vatnalaga, laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og um leyfi á grundvelli skipulagslaga og laga um mannvirki skal leyfisveitandi tryggja að leyfið sé í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun.

Á bls. 35 í greinargerð kemur fram að 69 vatnshlot séu í sveitarfélaginu. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að sveitarfélagið fjalli um og geri frummat á hvar möguleg áhrif á vatn eru og hvort einhverjar fyrirhugaðar framkvæmdir munu hafa áhrif og valda álagi á vatn. Umhverfisstofnun bendir á að upplýsingar um vatnshlot innan sveitarfélagsins má finna í

vatnavefsja.<sup>1</sup> Þar má finna upplýsingar um umhverfismarkmið, ástand og skilgreint álag vatnshlotanna. Vatnshlotin eiga að ná þeim umhverfismarkmiðum sem hafa verið sett fyrir þau skv. vatnáætlun Íslands 2022–2027.<sup>2</sup> Ástandi þeirra má ekki hnigna, hvorki varanlega né tímabundið. Einnig bendir stofnunin á að mikilvægt er að framkvæmdaraðilar sem áforma framkvæmdir eða starfsemi sem gætu haft áhrif á vatn séu upplýstir um að ítarlegra áhrifamat á viðeigandi gæðapáttum þarf að liggja fyrir áður en starfs- eða framkvæmdaleyfi eru veitt. Upplýsingar um gæðapætti má m.a. finna í vatnaáætlun. Þau framkvæmdaleyfi sem sveitarfélagið gefur út þurfa að vera í samræmi við stefnumörkun vatnaáætlunar og lög um stjórn vatnamála.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að sveitarfélagið setji sér þau markmið að öll vatnshlot í sveitarfélaginu séu í góðu ástandi og ástand þeirra rýrni ekki og er það í samræmi við markmið ofangreindra laga og vatnaáætlunar

Umhverfisstofnun bendir á að tilteknar framkvæmdir í áætluninni geta haft áhrif á vatnshlot, m.a. *efnistaka í straumvatni, virkjanir og aurskolun og landfyllingar.*

#### *Efnistaka í straumvatni*

Í greinargerð á bls. 22 segir að við efnistöku úr ám skuli gæta þess að árnar skipti ekki um farveg og/eða auki landrof. Huga skuli til þess að laust efni ofan við efnistökusvæði geti farið af stað niður ána að lokinni efnistöku. Gæta skuli þess að efnistaka valdi sem minnstum breytingum á árfarvegi bæði ofan og neðan við efnistökusvæði. Varðandi efnistöku (E-8) á eyrum í farvegi Þverár segir: „*Malareyrar í árfarvegi Þverár, ofan við brú á Sunnudalsvegi og neðan við stöðvarhús Þverárvirkjunar. Efnistaka heimil til að halda árfarveginum í föstum skorðum með það fyrir augum að verja brúna og veginn í miklum vatnavöxtum. Slík varnarviðbrögð skulu unnin í samstarfi við Vegagerðina.*“

Í greinargerð segir auk þess á bls. 28 að efnistaka úr ám og botni stöðuvatna er heimil án afmörkunar í aðalskipulagi, ef sýnt er fram á óveruleg umhverfisáhrif svo og að árnar skipti ekki um farveg eða auki landrof. Huga skuli til þess að laust efni ofan við efnistökusvæði getur farið af stað niður ána að lokinni efnistöku.

Umhverfisstofnun bendir á að efnistaka í straumvatni getur haft áhrif líffræðilega og eðlisefnafræðilega gæðapætti skv. lögum um stjórn vatnamála, t.d. á hryggleysingja og fiska sem og gruggmyndun neðar í farvegi. Ekki er leyfilegt að heimila framkvæmdir sem geta valdið því að vatnshlotið nái hugsanlega ekki þeim umhverfismarkmiðum sem hafa verið sett fyrir þau. Umhverfismarkmið eru lagalega bindandi og má vistfræðilegt ástand vatnshlota ekki rýrna hvorki tímabundið né varanlega.

#### *Landfylling*

Í greinargerð kemur fram að gert er ráð fyrir framtíðarstækkun hafnarsvæðis H-1 til norðurs með landfyllingu og lengingu viðlegukants. Umhverfisstofnun bendir á að landfylling flokkast sem varp í hafið en hún er óheimil nema með leyfi Umhverfisstofnunar skv. 9. gr. laga um mengun hafs og stranda nr. 33/2004.

<sup>1</sup> <https://vatnavefsja.vedur.is/#>

<sup>2</sup> [https://www.ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Haf-og-](https://www.ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Haf-og-vatn/Lei%3fb0beinandi%20reglur%20um%20me%3fb0fer%3fb0%20d%3bdpkunarefnis_okt2019.pdf)

[vatn/Lei%3fb0beinandi%20reglur%20um%20me%3fb0fer%3fb0%20d%3bdpkunarefnis\\_okt2019.pdf](https://www.ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Haf-og-vatn/Lei%3fb0beinandi%20reglur%20um%20me%3fb0fer%3fb0%20d%3bdpkunarefnis_okt2019.pdf)

Umhverfisstofnun bendir á að landfylling getur haft neikvæð áhrif á líffræðilega og eðlisefnafræðilega gæðabætti strandsjávar t.d. botnhryggleysingja og þörungna og getur þ.a.l. valdið því að vatnshlotið nær ekki þeim umhverfismarkmiðum sem hafa verið sett fyrir það.

#### *Virkjanir og aurskolun*

Í greinargerð á bls. 25 er fjallað um Þverárvirkjun þar sem segir að aurskolanir úr lóni og inntaki fari ekki fram nema í samráði við Veiðifélag Hofsár og Sunnudalsár. Skolun fari fram þegar rennsli og náttúrulegur aurburður er mikill í ánni og á þeim tímum árs sem minnstar líkur eru á því að aukins aurburðar gæti út í Hofsá.

Umhverfisstofnun bendir á að skolun aurs niður árfarveg getur haft neikvæð áhrif á líffræðilega og eðlisefnafræðilega gæðabætti straumvatnsins, t.d. hryggleysingja og fiska og hugsanlega valdið því að vatnshlotið nær ekki þeim umhverfismarkmiðum sem hafa verið sett fyrir það.

#### **Sérstök vernd náttúruverndarlaga**

Í greinargerð í kafla 4.17 um skógræktar og landgræðslusvæði segir að forðast skal að skerða eins og kostur er og markmið er að forðast verði eins og kostur er að skerða frekar votlendi, birkiskóga og önnur lykilstærkerfi Íslands.

Umhverfisstofnun bendir á að orðalagið að forðast rask eins og kostur er á votlendi sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum eru ákvæði eldri náttúruverndarlaga.

Í 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis.

Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruvæðinga, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýna nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir. Umhverfisstofnun leggur áherslu á að það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask svæða sem falla undir sérstaka vernd sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt kortasjá Ní<sup>3</sup> er votlendi innan landnotkunarreits F-1 og telur Umhverfisstofnun mikilvægt að yfirfara afmörkun reitisins m.t.t. ákvæði laganna.

#### **Fráveita**

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé nákvæmlega um hver staða fráveitumála sé í sveitarfélaginu í tillögunni, þar sem komi fram magn og umfang fráveitu, eðli hreinsivirkja og auk þess er mikilvægt að það komi fram hvert sé ástand viðtakans.

---

<sup>3</sup> <https://serstokvernd.ni.is/>

Einnig bendir stofnunin á að þar sem þörf er á úrbótum í fráveitumálum þarf að koma fram hver stefna sveitarfélagsins er varðandi endurbætur og hver tímarammi endurbóta er.

Umhverfisstofnun telur einnig æskilegt að sýna útrás fráveitu frá þéttbýli á uppdrætti.

### **Starfsleyfi**

Stofnunin bendir á að skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir skal allur atvinnurekstur, sem sótt er um starfsleyfi fyrir, vera í samræmi við skipulag. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fram komi með skýrum hætti í skipulagstillögunni hvar leyfilegt sé að vera með starfsemi sem er starfsleyfisskyld hjá Umhverfisstofnun, eða heilbrigðisnefnd, til að hægt sé að meta hvort starfsemin samræmist skipulagi, skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

### **Efnistaka**

Í greinargerð segir að eiganda eða umráðamanni eignarlands er heimil, án sérleyfis, minni háttar efnistaka til eigin nota nema um sé að ræða náttúruverndarsvæði, jarðminjar eða vistkerfi sem njóta verndar samkvæmt öðrum lögum. Í 13. gr. skipulagslaga 123/2010 um framkvæmdaleyfi segir: „Þó er eiganda eða umráðamanni eignarlands heimil án leyfis minni háttar efnistaka til eigin nota nema um sé að ræða náttúruverndarsvæði eða jarðminjar eða vistkerfi sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd.“

Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt er að skilgreina hvað átt er við með orðalaginu, til eigin nota, hver skilningur sveitarstjórnar sé með orðalaginu minniháttar efnistaka og hvernig sú efnistaka sé flokkuð og hvernig sveitarfélagið hyggst framfylgja stefnunni, þá sérstaklega varðandi efnistöku á verndarsvæðum.

### **Mengaður jarðvegur**

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 13. gr. reglugerðar nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg skulu sveitarfélög taka mið af skrá yfir svæði þar sem er mengaður jarðvegur eða þar sem grunur er um mengun, sbr. 11. gr., við gerð skipulags. Stofnunin vinnur nú að skránni en bendir á að sveitarfélagið skal samkvæmt reglugerðinni taka mið af svæðunum sem grunur er um mengun. Að mati Umhverfisstofnunar ætti að skilgreina þessi svæði sem varúðarsvæði, sbr. skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

**sérfræðingur**

Sverrir Aðalsteinn Jónsson

**teymisstjóri**